



**221. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 3. apríl 2014 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Jón Gestur Viggósson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Á. Ingvarsson 1. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.**

**Forföll: Gunnar Bragason gjaldkeri, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson og Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Ólympísk málefni**

###### *Vetrarólympíumót fatlaðra*

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti skýrði frá ferð sinni með Íþróttasamband fatlaðra á Vetrarólympíumót fatlaðra í Sochi og lagði fram greinargerð um gott samstarf Norðurlandanna á þessum vettvangi. Samstarfið ber vinnuheitið „Five nations – one team“.

###### *Nanjing 2014*

Friðrik Einarsson formaður Afrekssviðs fór yfir undirbúning fyrir Nanjing. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs sóttu aðalfarastjórafund í Nanjing í lok mars. Allt er til reiðu þar fyrir leikana. Fyrirhugað er að halda fund með sérsamböndum um miðjan apríl vegna þeira ólympísku verkefna sem framundan eru.

###### *Baku 2015*

Rætt um undirbúning fyrir Evrópuleikana í Baku 2015. Margt er enn óljóst varðandi þessa leika og hvaða áhrif þeir munu hafa á Smáþjóðaleikana sem haldnir verða hér á næsta ári.

##### **2. Smáþjóðaleikar 2015**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður Skipulagsnefndar fór yfir það helsta í undirbúningi fyrir leikana. Undirbúningur fyrir aðalfund GSSE og fund tækninefndar leikanna, sem haldnir verða á Íslandi 16.-17. maí nk., gengur vel.

##### **3. Skipan Hnefaleikanefndar ÍSí**

Framkvæmdastjóri skýrði frá upplýsingafundi með fulltrúum úr hnefaleikafélögum á Íslandi og að í kjölfarið hefði verið óskað eftir tilnefningum frá félögnum um fulltrúa í stjórn Hnefaleikanefndar ÍSí.

Samþykkt að tilnefna eftirfarandi í nefndina:

Ólafur Guðlaugsson formaður

Jónas Heiðar Birgisson (varamaður Jónína Raket Gísladóttir) frá Hnefaleikafélagi Akraness.

Pétur Hrafnsson (varamaður Jafet Örn Þorsteinsson) frá Hnefaleikafélagi Kópavogs  
Ásdís Rósa Gunnarsdóttir (varamaður Ólafur Tryggvi Gíslason) frá Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar

Bergþór Heimir Hólmarsson (varamaður Björn Björnsson) frá Hnefaleikafélagi Reykjaness  
Unnar Karl Halldórsson frá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur

Sal Shamsudin (varamaður Berglind Gunnarsdóttir) frá Hnefaleikafélaginu Æsi

#### **4. Hjólreiðanefnd ÍSÍ – næstu skref**

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Hjólreiðanefnd ÍSÍ væri að vinna að stofnun sérsambands um hjólreiðar. Beðið er eftir formlegu erindi frá nefndinni varðandi þetta mál en íþróttin uppfyllir skilyrði laga ÍSÍ hvað varðar fjölda iðkenda og fjölda íþróttahéraða sem íþróttin er stunduð í.

#### **5. Aðildarumsókn félags um sjómann**

Lagt fram erindi Íþróttabandalags Vestmannaeyja varðandi félag sem sótt hefur um aðild að bandalaginu. Um er að ræða félag um „sjómann“ (arm wrestling) en það er ekki viðurkennd íþrótt innan vébanda ÍSÍ.

Skrifstofa hefur skoðað alþjóðaumhverfið í kringum „sjómann“ og hvort að systursamtök á Norðurlöndum hafa „sjómann“ innan sinna vébanda.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfestir ekki „sjómann“ sem viðurkennda íþrótt og erindinu því hafnað.

#### **6. Erindi Skáksambands Íslands**

Tekið fyrir erindi Skáksambands Íslands en sambandið hefur áhuga á að koma skák undir ÍSÍ. Skák er ekki viðurkennd íþrótt innan vébanda ÍSÍ enda segir í grein 1.3 í lögum ÍSÍ að íþrótt sé ástundun líkamlegrar þjálfunar til keppni og heilsuræktar.

Skrifstofu falið að óska eftir ítarlegri upplýsingum frá Skáksambandinu varðandi tilvísanir í erindi þeirra.

#### **7. Starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ**

**Frestað til næsta fundar.**

#### **8. Starfsmannamál**

Forseti skýrði frá því búið væri að ganga frá ráðningu Rögnu Ingólfsdóttur í starf verkefnastjóra kynningarmála. Ragna kemur strax til starfa.

Einnig hefur verið gengið frá því að Örvar Ólafsson verkefnastjóri lyfjaeftirlits flytji sig yfir á Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ, Andra til aðstoðar og að ráðinn verði nýr starfsmaður í stað Örvars í lyfjamálin.

#### **9. Heiðranir**

Einróma samþykkt að veita Þresti Guðjónssyni fráfarandi formanni Íþróttabandalags Akureyrar Heiðurskross ÍSÍ fyrir frábær störf í þágu íþróttar. Varaforseti mun afhenda Þresti Heiðurskrossinn á ársþingi ÍBA 8. apríl nk.

Samþykkt var með rafrænum hætti að heiðra Albert Jensson hjá Umf. Neista á Djúpavogi með Silfurmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttá á Austurlandi. Viðar Sigurjónsson afhenti merkið á ársþingi UÍA.

Samþykkt að veita Hermundi Pálssyni fráfarandi formanni Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Silfurmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttá svæði HSH. Garðar Svansson mun afhenda Hermundi merkið á ársþingi HSH á Hellissandi í kvöld.

## 10. Fundargerðir

### Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 220. fundur framkvæmdastjórnar
- 6., 7., 8. og 9. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ frá 31. mars
- Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ frá 31. mars
- Almenningsíþróttasvið ÍSÍ 31. mars 2014 + minnisblað Lífshlaups 2014
- Afrekssjóður ÍSÍ frá 19. og 31. mars

Eftirfarandi styrkveitingar úr Afrekssjóði ÍSÍ samþykktar:

Dansíþróttasamband Íslands – 300.000,- viðbótarstyrkur til landsliðsverkefna vegna ársins 2014.

Fimleikasamband Íslands – viðbótarstyrkupp hæð samtals kr. 1,7 m.kr.

Skíðasamband Íslands – 150.000 kr. eingreiðsla vegna Erlu Ásgeirsdóttur sem kom inn í Ólympíuliðið í stað Maríu Guðmundsdóttur.

- Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ frá 28. mars
- Ársskýrsla Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ 2013
- Laganefnd ÍSÍ frá 11. mars

Tillögur Laganefndar samþykktar.

- Verkefnasjóður ÍSÍ frá 13. mars

Eftirfarandi styrkveitingar samþykktar:

Fimleikasambands Íslands – Styrkur að upphæð kr. 200.000 vegna kynningarstarfs í tengslum við EM í hópfimleikum.

Golfklúbbur Grindavíkur – Styrkur að upphæð kr. 50.000 vegna kynningarverkefnis.

## 11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður 8. maí nk. kl. 16:00.

## 13. Önnur mál

### *Samstarfssamningur við HÍ*

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samstarfssamningi við Háskóla Íslands. Forseta og framkvæmdastjóra veitt heimild til að skrifa undir samninginn fyrir hönd ÍSÍ.

### *Vinnufundur starfsmanna*

Framkvæmdastjóri upplýsti að skrifstofa ÍSÍ yrði lokuð 7. apríl nk. vegna vinnufundar starfsmanna.

*25 ára afmælishlaup Kvennahlaups ÍSÍ*

Hafsteinn Pálsson formaður Almenningsíþróttasviðs sýndi fundarmönnum bol hlaupsins, sem er með nýju og breyttu sniði. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með bolinn.

*Aðalfundur Íslenskrar getspár*

Aðalfundur Íslenskrar getspár verður haldinn 30. apríl nk. Samþykkt að fulltrúar ÍSÍ á fundinum verði: Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson og Líney Rut Halldórsdóttir.

Samþykkt að aðalmenn í stjórn Getspár verði: Lárus Blöndal og Gunnar Bragason.

Varamenn: Örn Andrésen og Líney Rut Halldórsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.